



Dagsetning: 9. nóvember 2023
Málsnúmer: 2310127/0.11

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um innleiðingu á stafrænu pósthólfi á island.is

Stefnt er því að miðla upplýsingum til einstaklinga og viðskiptavina í gegnum stafrænt pósthólf á island.is. Um er að ræða hluta af þeim markmiðum sem verkefnið Stafrænt Ísland hefur sett í forgang til að upplýsingar frá hinu opinbera séu einstaklingum aðgengilegar á einum stað.

Í þessum áfanga er um að ræða launaseðla starfsmanna og launamiða vegna launaframtals. Áætlanir miða að því að við útborgun launa um næstu mánaðarmót verði launaseðlar sendir í stafrænt pósthólf island.is. Launaseðlar verð þar með aðgengilegir starfsmönnum ásamt öðrum gögnum sem þegar er miðlað í gegnum pósthólfið. Aðgangur að pósthólfi er háður því að notandi verður að aukenna sig með rafrænum skilríkjum.

Miðlun upplýsinga í gegnum pósthólfið er án endurgjalds og ekki fellur til aukakostnaður umfram það sem felst í uppsetningu á gagnatengingum frá launakerfi að pósthólfinu sem ekki er verulegur. Jafnframt verður hætt að senda launaseðla í pappíriformi en um töluverðan sparnað er þar að ræða. Einstaklingur undir 16 ára aldri, sem dæmi vinnuskólanemi getur nálgast launaseðil sinn í gegnum aðgang foreldra sinna.

Með þessari aðgerð sparast þjónustugjöld banka fyrir birtingu launaseðla og póstkostnaði og vinnu við að ganga frá og pakka launaseðlum. Starfsmönnum verður ítarlega kynntar breytingar.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

